



Bygðastofnun

Próunarsvið

Alþingi
Erindi nr. P 138/1175
komudagur 9.3.2010

Dagsetning
08.03.2010

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Bygðastofnunar um frumvörp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, mál 352, 359 og 370 og frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 33/2000, um veiðieftirlitsgjald, með síðari breytingum, mál 371.

Hlutverk Bygðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti.

Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Bygðastofnun telur að aflaráðgefandi nefnd hagsmunaaðila eigi að geta styrkt mat á því hve mikinn afla er óhætt að veiða og gerir ekki athugasemdir við mál 352. Stofnunin gerir ekki heldur athugasemdir við heimild vegna veiða í vísindaskyni, mál 359.

Bygðastofnun mælti með strandveiðum þegar þær voru heimilaðar á síðasta ári. Nú er gert ráð fyrir að ráðherra geti ráðstafað 6.000 tonnnum af óslæggðum botnfiski til veiða með handfærum og tímabilið lengt í að vera frá 1. maí til 31. ágúst. Sérstök úttekt á framgangi og áhrifum strandveiðanna sumarið 2009 var unnin af Háskólasetri Vestfjarða (janúar 2010). Samkvæmt henni virðast strandveiðar hafa tekist nokkuð vel, en nokkuð mismunandi eftir svæðum. Stofnunin telur að æskilegt væri að reynt yrði að tryggja að vinnsla afla færi fram sem næst löndunarstað. Bygðastofnun gerir ekki aðrar athugasemdir við mál 370 og ekki heldur við mál 371 um sérstakt veiðieftirlitsgjald vegna strandveiða. Stofnunin telur til fyrirmyndar að gerð hafi verið sérstök úttekt á veiðunum, en ítrekar þá skoðun að gerð verði sambærileg könnun á áhrifum byggðakvóta í einstökum byggðarlögum.

Virðingarfyllst

Guðmundur Guðmundsson
Sérfræðingur á próunarsviði Bygðastofnunar